

Vesturbrún 18 – Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Friðriks Pálssonar, dags. 24. maí 2024, ásamt greinargerð ódags., um að koma fyrir bílastæði á lóð nr. 18 við Vesturbrún, samkvæmt uppdr. Betula, dags. 1. september 2024.



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Húsið er staðsett á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB24, Laugarás í borgarhluta 4 Laugardalur.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi og þarf því að grenndarkynna byggingarleyfisframkvæmdir.

Umsögn

Húsið að Vesturbrún 18 er einbýlishús með áföstum bílskúr og innkeyrslu. Húsið var byggt árið 1957 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar um að fá að bæta við tveim bílastæðum á lóðina.

Framkvæmdin krefst þess að það þyrfti að brjóta gangstétt og útbúa innkeyrslu. Við það fækkar stæðum fyrir aðra íbúa og gesti.

Samkvæmt bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar er umrædd gata á svæði 2 og uppfylla núverandi bílastæði kröfur stefnunnar sem gera ráð fyrir 1.6 bílastæði. Á lóðinni er innkeyrsla og bílskúr en þar að auki er hægt að leggja bílum í götunni.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið

f.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,

Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar